

Skógarvörðurinn á Vöglum.

\*\*\*\*\*

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1976.

\*\*\*\*\*

Ísleifur Sumarliðason.

\*\*\*\*\*

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1976.

.....

### 1. V E Ð U R F A R    Á R S I N S .

-----

Í janúar var breytileg átt, en suðlæg átt þó tíðust að tiltölu. Ekki voru langvarandi mikil frost.

Meðalsnjódýpt var 63 cm. Hámark hita mældist 7.1 stig 17. janúar, lágmark -23.7 stig 12. s. m.

Í febrúar var breytileg átt og umhleypingasamt og var suðlæg átt einkum ríkjandi. Snjólétt og lítil frost.

Meðalsnjódýpt var 24 cm. Hámark hita mældist 8.9 stig 20. febrúar, lágmark -15.6 stig 12. s. m.

Í marz var mjög snjólítið og breytileg átt, einkum þó suðlæg átt, umhleypingasamt.

Snjódýpt var aðeins mæld fimm daga í mánuðinum, mest 20 cm. í byrjun mánaðarins.

Snarpur jarðskjálfti fannst 6 marz kl. 20.27, upptök talin skammt frá Grímsey.

Hámark hita mældist 3. og 23. marz 8.5 stig, lágmark -15.1 stig 1. s. m.

Í apríl var breytileg átt, en suðlæg átt tíðust að tiltölu. Hagstætt tíðarfar.

Mest snjódýpt mældist í byrjun mánaðarins, 18 cm.

Hámark hita mældist 15.7 stig 22. apríl, lágmark -13.4 stig 18. s. m.

Í maí var enn breytileg átt, en suðlæg átt þó mest ríkjandi. Tíðarfar var hagstætt, einkanlega þó síðustu viku mánaðarins.

Þann 19. maí var lerki farið að litkast og 23. s. m. var brum á birki mjög farið að þrútna. Grænn var birki-skógurinn yfir að líta 31. maí og þá var lerkið algrænt.

Hámark hita mældist 20.4 stig 27. maí, lágmark -11.1 stig 5. s. m.

Í júní var breytileg átt, suðlæg átt var þó tíðust. Tíðarfarir var hagstætt öllum gróðri og óvenju úrkomusamt einkum í fyrri hluta mánaðarins.

Allaúfgaður taldist birkiskógurinn 6. júní.

Hámark hita mældist 17.7 stig 2. júní, lágmark 0.1 stig 22. s. m. Frost mældist ekki í mælaskýli, en fjórum sinnum á lágmarksmáli við jörð.

Í júlí var suðlæg átt tíðust og var veðurfarir mjög hagstætt öllum gróðri og hlýtt.

Viku af júlí var sláttur víða hafinn hér í sveitinni.

Hámark hita mældist 23.8 stig 9. júlí, lágmark 1.6 stig í mælaskýli 3. s. m. og -0.9 stig á lágmarksmáli við jörð.

Í ágúst var óvenju hlýtt og hagstætt tíðarfar, en úrkomu lítið og þá sérstaklega síðustu viku mánaðarins, að engin úrcoma mældist. Yfirleitt var suðlæg átt ríkjandi.

Í lok mánaðarins var skógurinn lítið eitt farinn að gulna.

Hámark hita mældist 21.7 stig 28. ágúst, lágmark -0.55 stig 30. s. m.

Í september var breytileg átt, en suðlæg átt þó tíðust.

Hlýtt var og afar úrkomulítið og víða vatnsskortur á bæjum.

Mikið lauffall á skógi varð 18. og 20. september og skógurinn að mestu lauflaus 22. s. m. og alveg lauflaus í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 19.4 stig 2. september, lágmark -5.9 stig 5. s. m. Frost mældist sjö sinnum á lágmarksmáli í mælaskýli.

Í október var suðlæg átt enn tíðust að tiltölu og mjög hagstætt tíðarfar.

Hámark hita mældist 11.2 stig 3. október, lágmark -5.4 stig 11. s. m. Snjór var ekki mældur á jörðu.

Í nóvember var breytileg átt, suðlæg átt tíðust að tiltölu. Tíðarfar var hagstætt. Snjór var varla mælanlegur nema þrjá síðustu daga mánaðarins og var snjódýptin mest 30. nóvember, 35 cm.

Hámark hita mældist 12.1 stig 19. nóvember, lágmark -12.8 stig 11. s. m.

1. desember var einkum suðlæg átt og hægviðrasamt. Fróst voru óveruleg nema síðustu daga mánaðarins. Tvö snjóflóð féllu 9. desember, annað á þeginn skammt sunnan við Fagrabæ í Grýtubakkaheppi, hitt skammt frá bænum Sigríðarstöðum í Hálshreppi.

Meðalsnjódýpt var 55.5 cm., mest 95 cm. 10. desember. Hámark hita mældist 7.9 stig 12. desember, lágmark -20.5 stig 31. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1976.

	Vik frá meðall.	Meðalhiti C°	Úrkoma mm.
Janúar	-2.8	-5.8 (-8.0)	58.6 (207.5 )
Febrúar	+ <del>2.0</del> 2.0	-1.1 (-0.5)	43.3 ( 33.4 )
Mars	2.4	0.5 (-2.9)	40.3 ( 10.3 )
Apríl	1.7	1.8 (-0.7)	22.5 ( 38.3 )
Mai	0.1	5.2 ( 5.6)	57.7 ( 29.0 )
Júní	0.9	9.8 ( 6.2)	47.1 ( 32.1 )
Júlí	2.2	12.3 (11.4)	36.00 ( 37.4 )
Agúst	2.1	11.4 (10.6)	36.2 ( 30.7 )
September	-0.4	6.0 ( 3.1)	9.6 ( 71.7 )
Október	0.2	3.2 ( 2.5)	62.8 ( 63.1 )
Nóvember	1.3	0.8 (-0.6)	93.2 ( 53.2 )
Desember	-2.9	-5.8 (-3.7)	126.4 (107.4 )
<u>Árið</u>		<u>3.2 ( 1.9)</u>	<u>633.70 (762.3 )</u>

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkoma ársins 1975.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### a. Laufgun og lauffall.

Um 19. maí var lerki farið að litkast og 23. s. m. er brum á birki mjög farið að þrútna. Grænn var birkiskógurinn yfir að líta og lerki algrænt 31. maí. Allaufgaður var birkiskógurinn 6. júní.

### b. Vöxtur.

Vöxtur var með lagg mesta móti, þrátt fyrir óvenju litla úrkomu.

Ummerki frostskenndanna frá 1974, eru ennþá víða greinileg sérstaklega á blágreni, þó mikið hafi lagast.

### c. Fræfall.

Fræfall var óvenju mikið á birkiskóginum og var safnað um 15 kg. af fræi.

Mikið var af könglum á rauðgreni í skóginum, en litlu varsafnað, vegna þess að þroski þess virtist lítill.

Talsverðu var afnað af lúpínufræi.

### d. Skaðar á trjám.

Skaðar á trjám urðu engir að heitið gæti, nema skemmdir í gróðrarstöðinni sem getið verður um á öðrum stað.

### 3. S T A R F S F Ó L K.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda vinnustunda í hverjum mánuði, fjölda starfsmanna, svo og tölu vinnustunda og kaupgreiðslur í hverjum mánuði. Ákvæðisvinna er talin með í töflu yfir vinnustundir.

#### Starfsfólk Skógræktar ríkisins í Þingeyjarsýslum árið 1976.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	4	360	153.178.-
Febrúar	5	360	152.533.-
Mars	6	560	244.074.-
Apríl	6	522	231.241.-
Mai	17	1623	760.204.-
Júní	22	2948	1.345.383.-
Júlí	16	2495	1.324.532.-
Ágúst	13	1865	918.573.-
September	12	1442	711.421.-
Október	9	879	453.335.-
Nóvember	13	843	495.045.-
Desember	4	224	115.016.-
	127		
<b>Samtals</b>		<b>14.220</b>	<b>6.904.535.-</b>

#### Skipting vinnulauna, fæðispeningar og akstur:

Dagvinna, , , .	11.332	4.560.865.-
Ákvæðisvinna.	378	316.257.-
Eftirvinna...	2.319.	1.271.058.-
Nv. & hðv....	191	136.083.-
	14.220	6.284.253.-
Fæðispen. 88% d.		401.028.-
Akstur		219.244.-
<b>Samtals</b>		<b>6.904.535.-</b>

Greiddar voru kr. 5.884.550.- í vinnulaun til íbúa Hálsahrepps.

Ráðskona var Birna Hermannsdóttir, verkstjórn í gróðrarstöð annaðist Þorsteinn Annþórsson.

#### 4. G I R D I N G A R . .

-----

##### b. Viðhald girðinga.

Vaglagirðingin, þ. e. gafi girðingarinnar að sunnan var nú girtur upp svo og girðingin norður undir Vagfir. Var girðingin færð suður undir merki, þar sem því varð við komið og færð allmiklu ofar til þess að fá betra girðingarstaði. Má segja að þetta sé ný girðing á 2200 metra kafla, þó nokkuð sé notað af efni úr gömlu girðingunni. Nýtt efni: 15 vírnet, 13 rl. gaddavír, 381 staurar 6 f. fúav., 266 staurarar 5 f. fúav., 9 hornstaurar bæði úr tré og járn og 50 tunnur í ræsi. Jarðýta jafnaði undir girðinguna.

Vinnulaun voru kr. 202.878.-, jarðýtuvinna 112.125.-, birkistaurar kr. 241.725.00, alls kr. 556.881.-, auk annars efnis, þ. e. vírnet gaddavír og hornstaurar.

Sigríðarstaðagirðingin var einnig girt upp á 1500 m. kafla að neðan og austan, en netið var þarna alveg að verða ónýtt.

Í girðinguna var notað nýtt efni: 10 vírnet, 12 rl. gaddavír, 5 hornstaurar, járn, 1 hliðgrind, ásamt hliðstaurum, 15 tunnur í ræsi, 100 birkistaurar 6 f. fúav., 56 birkistaurar 6 f. fúav..

Vinnulaun voru kr. 104.754.-, ýtuvinna kr. 54.230.-, birkistaurar kr. 59.300.-, alls kr. 218.284.-. Auk þess annað efni eins og áður getur.

Annar viðhaldskostnaður girðinga varð sem hér greinir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Birkist.</u>	<u>Eftirl.-smöln</u>
Vaglagirðing..... kr.	7.072.-	13.250.-	
Þórðarstaðagirð.. -	83.096.-	27.625.-	18.564.-
Sigríðarstaðgirð. -	19.448.-	18.000.-	7.514.-
Mela-og Stórhöfða -			11.492.-
Sandhaugagirðing. -	29.172.-	13.200.-	17.680.-
Fellsskogargirð.. -	18.564.-	34.000.-	
Vagfir, Belamörk. -			9.282.-
<u>Samtals kr.</u>	<u>157.352.-</u>	<u>106.075.-</u>	<u>64.532.-</u>

Í Vaglagirðinguna var bætt 30 staurum 5 f. fúav. og 10 staurum 6 f. fúav.

Í Þórðarstaðagirðingu var bætt einu vírneti, 65 staurum 5 fet fúav., 25 staurum 6 f. fúav. og 25 járnstaurum.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 60 staurum 5.f. fúav.

Mela-og Stórhöfðagirðingu var nú ekki haldið við. Var ætlunin að girða þá girðingu upp og setja jafnframt upp nýja girðingu um land Skuggabjarga, en hvorki vannst til þess tími, né jarðýta fáanleg þegar til þurfti að taka. Vonandi kemst þetta í framkvæmd á næsta ári.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 44 staurum 5 f. fúav.

Í Fellsskógargirðingu var bætt 30 staurum 6 f. fúav.

Viðhaldskostnaður girðinga varð miklu minni en á sl. ári, enda mikill munur á snjóalögum, munaði þar um 223 þúsund krónum í minna viðhaldi.

Efnisbirðir eru: 9 vírnet, 109 rl. gaddavír, 35 járnstaurar, 1 rl. sigavír og 1 rl. bindivír.

## 5. SKÓGARHÖGG.

### Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1976.

	<u>Staurar 5 fet</u>	<u>Staurar 6 fet</u>	<u>Efniv. tonn</u>	<u>Eldiv. tonn</u>	<u>Samtals krónur.</u>
Sala 1976	813	486	3.60	91.58	1.455.701.-
S. r. Vöglum	600	527		3.00	431.100.-
Birgðir Vöglum	300	1485	7.00	10.00	653.400.-
	1713	2498	10.60	104.58	2.540.201.-
Birgðir 1975	1060	1195	3.50	20.00	468.380.-
Högg 1976	653	1303	7.10	84.50	2.071.821.-
Tonn	2.61	8.47	7.10	84.58	102.76



Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu sýnir að seldar voru viðarafurðir fyrir kr. 1.455.701.-, til eigin nota að verðmæti kr. 431.100.-, aukning birgða kr. 185.020.-, alls verðmæti viðarafurða kr. 2.071.821.-.

Vinnulaun vegna skógarhöggs urðu kr. 236.470.-, vegna eldiviðar og staura kr. 632.502.00, alls kr. 868.972.-.

Tekjur af öðrum skógarafurðum, þ. e. jólatré voru kr. 357.280.-, birkigreinar (málaðar) kr. 142.300.-, samtals kr. 499.580.-.

Tekin voru 60 jóltré í Fellsskógi, 103 tré í Vaglaskógi, í Ásbyrgi 21 tré, í Fosselsskógi 130 tré og Yztafellsbændur tóku um 110 tré í Fellsskógi, alls 424 tré í Þingeyjar-sýslum. Af þessu magni voru um 120 tré seld til Akureyrar, hin voru seld hér í sýslunum.

Í Vaglaskógi voru höggvin um 79.58 tonn viðar, 663 staurar 6 fet og 247 staurar 5 fet. Var langmest af þessu magni höggvið í febrúar - maí. Aðallega voru hreinsun burtu brotin tré í norðurhluta skógarins, en einnig var grisjað í reitum nr. 322, 323 og 326, ofan af stafafuru og lerki.

Í Þórðarstaðaskógi voru felld um 12.10 tonn af viði, 234 staurar 6 fet og 77 staurar 5 fet. Var þar grisjað ofan af gróðursetningum.

Frá Noregi var keypt væki til að bunta arinnvið og verður nú lögð á það áhersla að koma upp birgðum af buntuðum við, og síðar stefnt að því að koma til sölu í verzlunir.

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ.

---

### a. Nývirki og umbætur.

Engin nývirki eða umbætur voru gerðar í gróðrarstöðinni, nema hvað mölborið svæðið við skemmu og plöntugeymslu og lagfarðir kantar.

Kaligeymsla og viðbót við starfsmannabústað eru efst á lista yfir óhjákamilegar framkvæmdir. Húsnæðið er tilbúið fyrir kaligeymslu plántna og talsvert til af efni í viðbót við starfsmannabústaðinn.

b. Fræplöntur.

Sáning hófst 20. maí og var að mestu lokið 25. s. m. Sáningin tókst yfirleitt vel, en þó var birkisáningin of þétt.

Alls var sáð 14.79 kg. í 489 m<sup>2</sup>.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 90 þúsund plöntur á hefðbundinn hátt og 57.300 plöntur vafðar í móbænd. Stungið var um 19.800 græðlingum.

Afhentar voru 18.500 plöntur til annara stöðva, þar af til einstaklings 1150 plöntur.

d. Hreinsun.

Aðallega unnu þrjár stúlkur við hreinsunina. Kostnaður við þennan lið jókst um rösk 70%.

Nauðsynlegt er að útvega Grammoxene og Glyfosat til illgresisoyðinga.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað varð rétt um 3% af rekstri stöðvarinnar, eða um 0.5% minni en á sl. ári.

f. Afhending.

Afhentar voru 142.600 plöntur, um 73.000 plöntum færra en áætlað.

Helzu ástaður voru þar að bergfura 2/2 og 2/3, var svo illa farin eftir haustið áður, líklegast af frostum, að lítið var afhent af bergfuru. Loks var ekki hægt að losna við talsvert af rauðgreni og hvítgreni, auk þess sem nokkuð var eftir af lerkji í móbandi, sem ekki vannst tími til að gróðursetja og biður því til næsta vors.

Til afhendingar á árinu 1977 eru áætlaðar um 168.000 plöntur.

g. Garöplöntur.

Garö-og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 1.150.040.-, aukning um kr. 848.477.-frá árinu áður. Af þessu voru aðkeyptar plöntur f. ca. 100 þúsund krónur.

Farnar voru söluferðir til Húsavíkur, Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Væri full þörf á því að fara víðar, en til þess þyrfti stærri bifreið en hér er til umráða.

Um 2000 grænstiklingar voru settir í móband og pottabretti og pottaðar voru um 2000 plöntur af birki, sitkagreni, blágreni, fjallapín og ýmsum runnum.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

340 kg. 12-12-17-2  
30 - kjarni  
35 - superba  
6 - magn.sulfat.  
100 - dolomitt kalk.

Sama tilhögun var höfð um áburðarnotkun og áður, en stefna ber að því að fá áburðarblandiara.

Ekið var 11 bílhlössum af sverði í reitina, þ. e. a. s. gróðurhúsastaði og 24 bílhlössum sem nota á til pottunar.

i. Annað.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1976.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afh. skógatplöntur	2.675.175.-	
" hnaus og garöpl.....	1.150.040	
Kaup verkstj.& 1/2 k. ráðsk.		642.698.-
Sáningar.....		121.992.-
Dreiplöntur.....		459.680.-
Garöplöntur.....		305.422.-
Pottun.....		133.926.-
Vökvun.....		35.360.-
Afhending plantna.....		353.455.-
Illgresi seyðing.....		532.610.-
Jarðvinnsla.....		25.636.-
Vetrarumbúnaður.....		57.900.-
Smíðar.....		76.466.-
Ýmislegt.....		37.128.-
<u>Samtals kr.</u>	<u>3.825.215.-</u>	<u>2.782.645.-</u>

Enn komu fram skemmdir á bergfurur eftir frostin í september, lítilsháttar einnig á blágreini og rauðgreini sem ekki hafði lokið af síðari vexti.

Fróðlegt væri að fá svar við því, hvort hér er um viðkvæmara kvæmi að ræða, en áður hefur verið notað, eða hvort hér er á ferðinni áburðarvanda-mál.

Lerki var enn skyggt bæði inni í gróðurhúsum og í vafningum úti, með ágætum árangri. Fleiri tegundir voru einnig skyggðar.

## GRÓÐURSETNING.

### a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 41.775 plöntur og var kostnaður á plöntu kr. 8.9c.

Tveir menn unnu að allri gróðursetningu, nema í Ásbyrgi, þeir Jóhann og Sigurður í sleifssynir. Gróðursettu þeir 40.525 plöntur fyrir Skógrækt ríkisins, 17.100 plöntur fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga og 14.400 plöntur fyrir Skógræktarfélag Eyfriðinga, alls 72.025 plöntur.

### b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett dagana 13. - maí - 4. júní, í Sigríðarstaðaskógi 30. júní, á Sandhvaugum 1. - 9. júlí, í Fellsskógi 23. - 29. júní, í Þorðarstaðaskógi 22. júní og á Öxnafellum 19. - 21. júlí.

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Rúsalerki	1/1	Mo och Dom.	327	7.650
"	Stafafura	2/3	Pigdeon	411	nhl. 2.650
"	"	2/3	"	407	1.400
"	Bergfura	2/2	Pyr.	Hálsm.	<u>1.515</u>
				<u>Samtals</u>	<u>13.215</u>

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Staður</u>	<u>Plöntufj.</u>
Sigríðarst.sk.	Rauðgreni	2/4	Trysil		660.
Sandhaugar	Rússalerki	1/1	Mo och Dom		4.000
"	Hvítgreni	2/2	Moose Pass		3.000
"	Bergfura	2/2	Pyr..		1.400
"	Stafafura	2/1	Skagw.		3.850
					<u>12.250</u>
Fellsskógur	Blágreni	2/4	Parök Co.		1.900
"	Rauðgreni	2/4	Trysil		5.800
					<u>7.700</u>
Þórðarstaðaskógur	Blágr.	2/5	Park Co.		900
"	Rauðgreni	2/4	Trysil		1.000.
					<u>1.900</u>
Ásbyrgi	Rauðgreni	2/5	Verran		1.000
"	Stafafura	2/2	Hanies		250
					<u>1.250.</u>
Örnafell	Birki	1/1	Mörk, Hall.		1.000
"	Rússalerki	1/1	Mo och Dom		3.800
					<u>4.800</u>
	<u>Samtals</u>				<u>41.775</u>

Gróðursetning fyrir Skógræktarf. S.-Þingeyinga og Eyfirðinga.

Fossselsskógur	Blágreni	2/5	Park Co.		2.000
"	Hvítgreni	2/2	Moose Pass		2.000
"	Rauðgreni	2/4	Trysil		1.600
"	Sitkagreni				1.050
					<u>6.650</u>
Húsavík	Blágreni	2/2	Highw. S.		300
"	Hvítgreni	2/2	M. Pass		250
"	Sitkagreni				6.400
"	Bergfura	2/2	Pyr.		2.000
"	Stafafura	2/2	Hanies		1.000
"	Birki	1/1	Mörk, Hall.		500
					<u>10.450</u>
Miðhálsstaðir	Sib. lerki	1/1	Altai		<del>8.250</del>
"	Stafafura	2/1	Hanies		8.250
					<u>14.400</u>
	<u>Samtals.</u>				<u>31.500</u>

## 8. HIRÐING.

---

### a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Hreinsað var mikið af brotnum trjám sérstaklega í norðurhluta Vaglaskógar.

Í Fellsskógi var unnið að því að hreinsa frá plöntum og í Ásbyrgi var unnið að grisjun á birkiskóginum. Þar þarf nú að fara að grisja lerkid.

Á Sandhaugum var hreinsað frá stafafuru.

Á Vöglum á Belamörk var unnið að því að snyrta og laga til kerri, og hreinsa frá barrplöntum, auk þess sem birki-skógurinn var grisjaður eins og tími gafst til.

Í reitnum að Ggund í Eyjafirði var mikið brotið síðan í sajóavetrinum 1974-75. Var nú mikið af þessu hreinsað burtu og svo lerkid snyrt til.

Nauðsyn er á mikilli umhirðu plantna og grisjun á næsta ári og verður að atla til þess verulegt fjármagn. Ef vel ætti að vera þyrfti að hafa tvo til þrjá menn í starfi næsta sumar og kæmi þá vel til mála góðursetja lítið það árið.

Í Vaglaskógi voru bornir 16 sk. af kjarna á hvítgreni og rauðgreni, í Þórðarstaðaskógi 3 sk. af kjarna á rauðgreni og í Fellsskógi voru bornir 6 sk. af kjarna á rauðgreni þar.

## 9. VEGAGERÐ.

---

Lítilsháttar var borið ofan í efri veginn hér í skóginum og rykbundinn kaflinn frá Stórarjóðri suður undir Skógarsel. Kostaði Vegagerð ríkisins þar framkvæmdir.

## 10. BYGGINGAR

---

### a. Nýjar byggingar.

Lokið var við að mála skemmuna að utan, tvöfalda gler í gluggum, gólfTEX lagt á gólf í skrifstofu og snyrtingu o. fl. Vinnukostnaður var kr. 128.662.-, efniskostnaður kr. 287.771.00.

b. Viðhald og endurbætur.

Þak á Vöglum II var málað, svo og bílskúr að utan, þak málað og timbur olíuborið.

Skift var um krossvið á starfsmannabústað, þakið málað og allt timbur olíuborið.

Verkfærageymsla var einnig máluð og olíuborin.

Vaglakúsið, fjós og hlaða, var allt málað utan og þússning lagfarð, en hún var mjög farin að láta á sjá.

II. VÉLAR OG VERKFERI.

-----

a. Móturvélar.

Reksturskostnaður dráttarvéla varð kr. 157.700, þar af benzín og olíur kr. 71.853.00

Reksturskostnaður bifreiðar varð kr. 288.940.--, þar af benzín og olíur kr. 194.596.--.

b. Vélar og verkferi.

Á árinu var keypt viðarklayf og búntunarteki frá Noregi fyrir arinnvið og viðarklayf og sambyggð sög frá Finnlandi. Keypt keðjusög af Jobu-gerð.

Ennfremur voru keypt logsbúutaki og talstöð í bifreiðina Þ. 2098.

Þegar skógarvörðurinn í Eyjafirði fluttist suður að Mógilsá afhenti hann stofnuninni hér eftirfarandi verkferi og tæki: Hjólhýsi, kjarrsög af Husgarna-gerð, 3 járnkarlar, 1 stunguspaði, 4 sköflur, 15 plöntupokar, 6 plöntuhakar, sænskir, 2 sleggjur, 4 klippur, 1 bogasög, 1 sagarblöð, 2 axir, 5 axarsköft, 4 sniðlar, 6 sniðla-blöð, 2 girðingastrekkjarar, 2 plaststútur og 2 garðkönnur.

## 12. Ý M I S L E G T.

### a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með flesta móti og umgengni yfirleitt góð.

Tekin var upp sú nýlunda að selja tjald-og hjólhúsaleyfi hér í skóginum og í Ásbyrgi.

Var þeirri nýbreytni heldur vel tekið af skógargestum. Í júlí og ágúst voru seld hér 896 tjaldleyfi og 58 hjólhúsaleyfi, fyrir kr. 253.000.--.

Í Ásbyrgi voru seld 830 tjaldleyfi og 8 hjólhúsaleyfi fyrir kr. 209.900.--, alls kr. 462.900.--.

Kostnaður við umsjón og eftirlit varð kr. 209.508.--, efniskostnaður kr. 88.350.--, alls kr. 297.858.--.

Er þá ótákn bifreiða- og dráttarvéla- kostnaður í sambandi við hreinsun og eftirlit.

Lögð var vatnslög í Hróastaðanes, ennfremur var komið upp vatnslögn í Flatagerði, þar sem hjólhúsum er eingöngu ætlaður staður.

### b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá um venjulegar frakvæmdir og fór eftirlitsferðir, svo sem tími frekast vannst til.

Frá 1. júní fól skógræktarstjóri undirrituðum að taka við skógvörzlu í Eyjafjarðarsýslu, er þar aðeins um munnleg fyrirmali að ræða, sem ekki hafa fengist staðfest bréflaga þrátt fyrir endurteknar óskir.

Farin var grísjunarferð í Vagfir á Selamörk, tvær hreinsunar og grísjunarferðir í Grund í Eyjafirði, auk þess ferðir í Öxnafell og að Hóssá í Svartáárdal.

Að venju sat skógarvörður aðalfund Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, sem haldinn var á Húsavík og mætti þar einnig á fundi með Garðyrkjufélagi Húsavíkur og Skógræktarfélagi Húsavíkur, þar sem Sigurður Blöndal flutti fræðsluerindi.

Eru fleiri slíkar ferðir fyrirhugaðar og þá sérstaklega til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Húsavíkur og verður þá reynt að fá Óla Val Hansson með í þar ferðir. Er slíkt mjög væntlegt til að auka áhuga á tættarækt og kemur þá auðvitað einnig til stóraukin sala á garðplöntum.

Skógarvörður sat fundi með fulltrúum skógræktarfélaga Eyfirðinga og Þingeyinga, svo fund með fulltrúum skógræktarfélaga á norðurland.



Skógarvörður sá einnig um töku jolatrjáa fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga, svo og ýmsa aðra fyrir greiðslu í því sambandi.

ca Ýmislegt.

Í júlí komu skógræktarmenn á vegum Nordisk Skogunion. Bornir voru 20 sk. af a burði á Hálsmei 23-23-o. Keypt var efni í 1650 vatnsskögn 40 mm. víða, sem áformað er að leggja á næsta ári skammt frá merkjum suður við Mörk og í Vaglar Vegna mjög aukinnar vatnsnotkunar í skóginum verður varla hjá þeirri framkvæmd komist, en haft verður samband við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í þeim efnum og um framtíðarlausn, enda þá framkvæmdin styrkhaf. Fúavörn á staurum var komið í betra horf. Sett voru hjól á fúavarnarkarið, svo að mikil vinna við flutning á staurum sparast. Settur var tankur í gölfið í skemmuni og er fúavarnarefninu úr honum dalt í karið og karið aftur tæmt með því að láta renna úr því í tenkin. Jafnframt var sett hitaeliment í karið svo hægt er að hita upp blönduna í hæfilegt mark.

Vöglum 15. janúar 1977,